

26. & 27. OKTÓBER  
2022

HARPA  
ELDBORG



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Laufey og Sinfó

# Laufey

Pótt Laufey Lín Jónsdóttir (1999) sé ung að árum þá hefur hún heillað heimsbyggðina með seiðandi rödd sinni og lagasmíðum sem sameina strauma úr jazzi og samtímapopptónlist á ómótstæðilegan hátt. Tónlist Laufeyjar nær nú til milljóna hlustenda um allan heim í gegnum streymisveitur og hefur hún hlotið lof gagnrýnenda tímarita á borð við Rolling Stone og NME. Laufey hefur meðal annars komið fram í bandaríska sjónvarpsþættinum Jimmy Kimmel Live og gefið út lag í samstarfi við Philharmonia-hljómsveitina í Lundúnum. Auk þess hefur Laufey verið með vikulega tónlistarþætti á tónlistarrás breska ríkisútvarpsins, BBC Radio 3.

Laufey útskrifaðist frá Berklee tónlistarháskólanum í Boston í fyrra og er nú búsett í Los Angeles. Hún gaf nýlega út sína fyrstu breiðskífu, *Everything I Know About Love*, sem hefur fengið frábæra dóma í erlendu tónlistarpressunni og fór á lista yfir 10 mest spiluðu plöturnar á Spotify í Bretlandi og Bandaríkjunum þegar hún kom út.

Laufey er nú nýkomin úr velheppnaðri tónleikaferð um Bandaríkin þar sem uppselt var á hverja tónleikana á fætur öðrum. Eftir viðkomu sína á Íslandi fer Laufey á tónleikaferð um Evrópu. Þetta er í fyrsta skipti sem Laufey syngur með Sinfóníuhljómsveit Íslands, en hún lék einleik á selló með hljómsveitinni á jólatónleikum hennar 2014, þegar hún var 15 ára, og var einnig sellóleikari í Ungsveit Sí.

# Hugh Brunt

Hugh Brunt hefur á undanförunum árum getið sér feikilega gott orð sem hljómsveitarstjóri, bæði sem listrænn stjórnandi London Contemporary Orchestra og sem gestastjórnandi í Bretlandi með hljómsveitum á borð við BBC Concert Orchestra, BBC National Orchestra of Wales og Orchestra of Opera North. Hann hefur jafnframt stjórnað hljómsveitum í fremstu röð víða um heim, þar á meðal filharmóníusveitunum í New York og Los Angeles ásamt Sinfóníuhljómsveitinni í Melbourne í Ástralíu.

Brunt er hefur einnig unnið við kvikmyndatónlist og starfað með listamönnum úr ýmsum geirum tónlistar á borð við Jonny Greenwood, Mica Levi, Beck, Bryce Dessner og Radiohead. Þá hefur hann komið fram á tónlistarhátíðum m.a. BBC Proms og Aldeburgh-hátíðinni. Brunt hefur einnig komið fram í Breska þjóðleikhúsinu með Southbank Sinfonia, auk þess að starfa náið með City of London Sinfonia. Hann stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands síðast árið 2016 á tónleikum með Emilíönu Torrini.

# Laufey og Sinfó

## TÓNLEIKAR Í ELDBORG

### Duke Ellington

Beige (úr *Black, Brown and Beige*)

### Laufey

Fragile (úts. IF)

### Laufey

Beautiful Stranger (úts. ÞM)

### Jón Múli Árnason

Undir Stórusteini (úr *Járnhausnum*) (úts. HOE, texti Jónas Árnason)

### Laufey

Let You Break My Heart Again (úts. IF)

### George Gershwin

*Catfish Row* (úr *Catfish Row*, svítu úr *Porgy og Bess*)

### Hoagy Carmichael

Nearness of You (úts. ÞM, texti Ned Washington )

### Laufey

What Love Will Do To You (úts. IF)

### Laufey

Night Light (úts. ÞM)

### Laufey

Like the Movies (úts. SKJ)

HLÉ

### Frank Loesser

I've Never Been In Love Before (úts. HB)

### Laufey

Falling Behind (úts. IF)

### Laufey

Dear Soulmate (úts. HB)

### Vincent Youmans

Tahiti Trot (Tea for two) (úts. Dmitríj Shostakovitsj)

### Laufey

Best Friend (úts. ÞM)

### Charles Trenet

I Wish You Love (úts. SKJ, texti Albert Beach)

### Oddgeir Kristjánsson

Ég veit þú kemur (úts. HOE, texti Ási í Bæ)

### Laufey

Valentine (úts. ÞM)

### Útsetningar fyrir hljómsveit

HB: Hugh Brunt, HOE: Hrafnkell Orri Egilsson, IF: Iain Farrington,  
SKJ: Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir, ÞM: Þórður Magnússon

EXPERIENCE THE MAGIC OF THE FILM WITH A LIVE ORCHESTRA



Harry Potter  
AND THE  
CHAMBER  
OF SECRETS.  
— IN CONCERT —

22.–25. MARS, 2023

HARPA • REYKJAVÍK

Hljómsveitarstjóri: Timothy Henty

Miðasala á [sinfonia.is](http://sinfonia.is) • [HarryPotterInConcert.com](http://HarryPotterInConcert.com)



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS



PART OF THE HARRY POTTER™ FILM CONCERT SERIES • BROUGHT TO YOU BY CINECONCERTS

WIZARDING WORLD and all related trademarks, characters, names, and indicia are © & ™ Warner Bros. Entertainment Inc. Publishing Rights © JKR. (s22)